



Dagsetning: 06.02.2020
Málsnúmer: 1702136/13.9

Til bæjarráðs

MINNISBLAÐ

Búið er að vinna í að loka urðunarstaðnum að Rimi í Mjóafirði síðan 2017. Nú fyrir jól sendi verkefnastjóri úrgangsmála bréf á umhverfisstofnun þar sem reynt var að komast hjá kvöðum um niðursetninga sýnatökubrunna eins og sótt var um í lokuninni. Umhverfisstofnun telur ekki að niðursetning þriggja sýnatökubrunna sé íþyngjandi og verður ekki við þeim óskum að slakað verði á þeim kröfum.

Til að hægt sé að klára endanlega lokunarfyrirmælin þarf sveitafélagið að leggja fram ábyrgðayfirlýsingu vegna starfsleyfistryggingar sem segir til um það að sveitafélagið beri ábyrgð á urðunarstaðnum í 30 ár eftir lokun hans.

Ábyrgðaryfirlýsingin er svohljóðandi:

„Sveitastjórn Fjarðabyggðar ábyrgist að staðið verði við þær skyldur sem settar eru fram varðandi frágang og vöktun urðunarstaðar sveitafélagsins í landi Rima, Mjóafirði sbr. 61.gr.laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Af hálfu Fjarðabyggðar er litið svo á að yfirlýsing þessi jafngildi starfsleyfistryggingu, sbr. 59. gr. laga nr. 55/2003 og 17. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Ábyrgð þessi gildir í 30 ár eftir lokun urðunarstaðarins.“

Íris Dögg Aradóttir

Verkefnastjóri á framkvæmdasviði